



9. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 3 MARS 2000. KL. 11.00

FUNDARGERÐ:

Dagskrá:

1. MFA og neikvæð kjarabarátta.
2. Fundir og ráðstefnur.
3. Alþýðutrygging
4. Kjaramálin
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð í nýja húsið.

1. MFA OG NEIKVÆÐ KJARABARÁTTA:

Formaður hóf fundin með fjalla um mál sem hann kallaði “neikvæða kjarabaráttu MFA” og átti við að forystumenn símsmiða hefðu komið með inn á skrifstofu RSÍ upplýsingar um starfsnám aðstoðarmanna símsmiða ásamt námskrá. Stjórnendur Símans, stéttarfélagið Efling og MFA hafa útbúið nýja námskrá fyrir “aðstoðarmenn símsmiða” og tekið marga verkþætti beint úr námskrá símsmiða. Ófært væri að önnur félög en RSÍ og starfsgreinaráð rafiðnaðarins væru að skipuleggja nám rafiðnaðarmanna, símsmiðir hefðu lagt í mikla baráttu fyrir réttindamálum sínum, með þessu væri gerð aðför að þeim árangri sem þeir hefðu náð. Samþykkt var að reyna sáttaleiðina í þessu máli og leggja til að þetta nám verði metið sem hluti af námi símsmiða, þannig að þetta væri ekki blindgata fyrir þá sem færu í þetta nám.

2. FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR:

Sænska rafiðnaðarsambandið stendur fyrir “hugmyndaráðstefnu “ í maí. Samþykkt að senda tvo menn þangað. Dagana 28-30 júní n.k. verður þing NBTF haldið í Björgvin í Noregi. Þangað fara auk stjórnarmanns í NBTF tveir menn. Brusselferð á vegum ASÍ verður dagana 7-12 mars n.k. Þátttakendur frá RSÍ verða 5 auk þess fara á vegum aðildarfélaga RSÍ 3.

3. ALPÝÐUTRYGGING

Guðmundur Hilmarsson framkv.stj. Undirbúningsfélags Alþýðutryggingar hf fór yfir og kynnti stöðu mála. Það kom fram að í dag þá stæðu um 18000 manns utan verkalýðsfélaga og færi fjölgandi. Þá nema tekjur sjúkrasjóða um 1 milljarð á ári og að rekstrarkostnaður margra sjóðanna væri allt að 50% af tekjum. Fram kom að margir sjúkrasjóðir væru mjög illa á vegi staddir hvað varðaði bótagreiðslur til félagsmanna, en einkennilegt væri að mörg þeirra félaga sem verst væru stödd virtust ekki hafa áhuga á þáttöku, þrátt fyrir að við blasti umtalsverð réttarbót félagsmanna þeirra. Aðeins

eru 3 sjóðir sem greiða bætur sem nema allt að 80% af tekjum og er sjúkrasjóður RSÍ einn af þeim.

Það þarf um 33000 manns til þess að þessi trygging geti orðið að veruleika, og fram kom að tryggingin mun aldrei geta náð yfir það svið sem sjóðirnir spanna.

Samþykkt var að miðstjórn beitti sér fyrir því að aðildarfélög RSÍ tækju jákvætt í það að standa að stofnun tryggingafélags, þrátt fyrir að ekki væri sjáanlegur hagur fyrir félagsmenn RSÍ af þeirri tryggingu sem boðið væri upp á í byrjun. En þar sem hér er um að ræða mikla réttarbót fyrir íslenska launamenn og það væri ábyrgðarhluti að henda því frá sér. Hér er einungis um að ræða fyrsta skrefið í að byggja upp öflugt tryggingafélag samborið við reynslu félaga okkar á Norðurlöndunum.

4. KJARAMÁLIN:

Form. fór yfir stöðu kjaramála og sagði að svolítið hefði miðað og ekki ólíklegt að í næstu viku kæmi í ljós hvort samið yrði án átaka.

Fundir hafa verið haldnir í Áburðarverksmiðjunni en ólíklegt er að gerður verði sér samningur við RSÍ þar, heldur notast við almenna samninginn með breytingum.

Fyrir liggja drög að samningi við Samtök verslunarinnar. Sama má segja um samning við SART en eftir er að ganga frá ákvæðistaxtamálinu.

Reykjavíkurborg er að skoða stöðuna, en ber mikið í milli um launaliðinn.

Haldinn hefur verið fundur vegna virkjanasamnings þar voru ítrekaðar þær kröfur RSÍ að laun í samningnum yrði færð að þeim launum sem eru á almennum vinnumarkaði.

Ekkert hefur heyrst frá samninganefnd fjármálaráðuneytisins.

Óformlegar viðræður hafa farið fram við Félag kvikmyndahúsaeigenda.

5. ÖNNUR MÁL:

Ákveðið var að skipta um bifreið til afnota fyrir orlofsnefndi.

Vegna snjópýngsla nú í vetur var ófært að vera á fólksbíl.

Samþykkt að kaupa notaðan Nissan pallbíl.

Samþykkt var tillaga formanns sem er eftirfarandi:

Miðstjórn Rafiðnaðarsaband Íslands hefur í tilefni 30 ára afmæli sambandsins ákveðið að styðja landslið Íslands í kvannahandbolta með því að leggja sitt að mörkum í því mikla forvarnarstarfi sem íþróttahreyfingin vinnur. Gerður verður 3ja ára samningur við landsliðið þar sem RSÍ leggur fram 650 þúsund á ári og Rafiðnaðarskólinn 350 þúsund á sama tíma. Á baki búninga landsliðsins mun standa fyrir ofan númer leikmanna **“Rafiðnaðarsambandið”** og framaná **“Rafiðnaðarskólinn”** Þá munu Rafiðnaðarskólinn og RSÍ hafa heimild til að setja upp 2 til 3 spjöld á heimaleikjum liðsins sem næst miðju vallarins gegn sjónvarpsupptökuvélum.

Vegna fráfalls Leós Ingólfssonar þá vantar oddamann í kjörstjórn rafeindavirkja. Samþykkt var tillaga Helga R Gunnarssonar um að Bjarni Sigfússon yrði skipaður í hans stað.

6. SKOÐUNARFERÐ Í NÝJA HÚSIÐ:

Farið var með rútu uppí nýja húsið við Stórhöfða. Þar eru framkvæmdir á fullu og er það mat manna að hægt verði að flytja í húsið um mánaðarmótin apríl-maí.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundargerð: Í forföllum ritara Helgi Jónsson.